

Mál nr. 184/2003

M
og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

**Meiðsl við fall á timpurpalli við kaffihús þann 01.12. 2002,
ágreiningur um bótaskyldu.**

Gögn.

1. Málskot móttakið 18.09. 2003 ásamt fylgiskjöllum 1 – 5 þ. á m. skýrsla lögreglu og bréfaskipti aðila.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 05.10. 2003, ásamt fylgiskjöllum 1 – 9 þ. á m. bréfi lögreglu til vátryggingafélagsins dags. 28.08. 2003.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna nr. 655/2003.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega.

Tildrög slyssins voru þau að M var um hádegisbil á sunnudegi stödd við veitingahúsið þegar hún “missti jafnvægið” og rann til á hálli timburverönd með þeim afleiðingum að hún féll og meiddist á öxl. Lögreglan getur þess að yfirborð pallsins hafi verið hellað og mjög hált. Á slysdegi var meðalhiti 2,1°C, hægur vindur og rigning.

M telur að svelt hafi verið yfir pallinum og að veitingahúsið beri ábyrgð á þeim meiðslum sem hún hlaut. Vátryggingartaka hafi borið að gera ráðstafanir til að eyða eða draga úr þeirri hættu sem fyrir hendi var. Hún telur sig hafa mátt treysta því að pallurinn væri “sæmilega umferðarfær enda engar aðvaranir um annað”. Hún mótmælir því að hafa verið ölvuð þegar slysið varð.

Félagið telur ósannað að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna, vanrækslu á hálkuvörnum, merkingum eða öðrum varúðarráðstöfunum eða saknæms vanbúnaðar að öðru leyti sem vátryggingartaki beri skaðabótaábyrgð á. Félagið vísar og til þess að M hafi verið “áberandi ölvuð svo mjög að óvíst hafi verið að hún fengi afgreiðslu af þeim sökum. Ölvunarástand hennar sé staðfest af lögreglu sem kom á slysstað....” Félagið telur nægjanlega sýnt fram á að M hafi verið mjög ölvuð og að ölvun hennar hafi vafalítið átt verulegan þátt í því hvernig fór. Slysið verði rakið til óhappatilvikjunar.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum, hefur ekki verið sýnt fram á að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna vátryggingartaka eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á. Lögreglan getur þess í frumskýrslu sinni að viðarpallurinn hafi verið mjög sleipur og að yfirborð hans hafi verið hellað. Fram kemur að þegar lögreglan hafi komið á vettvang hafi M verið að dreypa á áfengi til að lina kvalir sínar. Í viðbótarfrásögn lögreglu, í ágúst sl., er þess getið að M hafi verið áberandi ölvuð og ekki að fullu viðræðuhæf. Fullyrt er að ölvunarástand hennar hafi verið augljóslega mun meira en svo að rekja megi til þess eina drykks sem hún hafi haft þegar lögreglan kom á vettvang. M hafi þurft mikinn stuðning til að fara í lögreglubifreiðina þaðan sem hún var flutt á slysadeild. Framanrituð umfjöllun lögreglu gefur til kynna að M hafi verið ölvuð. Nefndin telur líklegt að ölvunarástand hennar hafi átt þátt í því hvernig fór.

Fyrirliggjandi gögn gefa ekki til kynna að aðrir en M hafi átt í erfiðleikum með að fóta sig á pallinum þennan dag en alkunna er að við þau veðurskilyrði sem fyrir hendi voru er hætta á ferðum ef aðgæsla er ekki viðhöfð.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri váttryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 14. október 2003

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.